

## Svar

### mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Svandísi Svavarsdóttur um einkavæðingu Iðnskólans í Hafnarfirði.

1. *Hvað greiddi Tækni-skólinn íslenska ríkinu fyrir Iðnskólann í Hafnarfirði?*

Við sameiningu Iðnskólans í Hafnarfirði og Tækni-skólans frá og með 1. ágúst 2015 var Iðnskólinn í Hafnarfirði lagður niður. Mennta- og menningarmálaráðuneytið gerði viðauka við gildandi þjónustusamning við Tækni-skólinn þar sem Tækni-skólanum var falinn rekstur þeirrar einingar sem áður var Iðnskólinn í Hafnarfirði og þeirra eigna sem honum fylgdu. Engar greiðslur áttu sér stað frá Tækni-skólanum fyrir Iðnskólann í Hafnarfirði, enda er ríkið eigandi og verður eigandi allra þeirra eigna sem Tækni-skólinn tók til rekstrar ásamt þeim tækjum og tólum sem bætast við á rekstrartíma Tækni-skólans, sbr. ákvæði þessa efnis í samningi ráðuneytisins við skólann. Verði þjónustusamningnum sagt upp eða ljúki samningstímanum af öðrum ástæðum mun ríkið taka við skólastrekstrinum með öllum þeim eignum sem voru fyrir hendi, hafa verið endurnýjaðar og/eða hefur verið aflað af hálfu Tækni-skólans.

2. *Hvert var virði þeirra eigna, í íslenskum krónum að núvirði, sem runnu inn í Tækni-skólinn frá íslenska ríkinu við sameiningu hans við Iðnskólann í Hafnarfirði? Hverjar voru þessar eignir?*

Engar eignir runnu inn í Tækni-skólinn við gerð þjónustusamningsins um rekstur Iðnskólans í Hafnarfirði og engar eignir vegna þessa eru skráðar í efnahagsreikningi Tækni-skólans, enda er ríkið eigandi eignanna og Tækni-skólinn rekstraraðili. Tækni-skólinn greiðir húsaleigu fyrir húsnæði skólans. Húsnæðið við Flatahraun 12 sem hýsti Iðnskólann í Hafnarfirði var byggt og er rekið samkvæmt samningi um einkaframkvæmd sem menntamálaráðuneyti, Hafnarfjarðarbær og fjármálaráðuneyti gerðu við Nýsi ehf. árið 1999. Samningurinn sem er til 25 ára gildir frá janúar 2000. Skólahúsnæðið er núna í eigu Taper ehf. Tækni-skólinn greiðir Taper mánaðarlega leigu fyrir afnot af húsnæðinu með sama hætti og Iðnskólinn í Hafnarfirði gerði áður.

3. *Fékk íslenska ríkið eignarhlut í Tækni-skólanum að lokinni sameiningu hans og Iðnskólans í Hafnarfirði?*

Nei, enda var Iðnskólinn í Hafnarfirði lagður niður.

4. *Rann Iðnskólinn í Hafnarfirði ásamt öllum eignum frá íslenska ríkinu inn í Tækni-skólinn án nokkurs endurgjalds?*

Nei. Engar eигur ríkisins hafa runnið inn í Tækni-skólann.